



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. mars 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um samræmda niðurgreiðslu hjálpartækja fyrir heyrnar- og sjónskert börn. Þingskjal 429 – 346. mál. (151. löggjafing)

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um samræmda niðurgreiðslu hjálpartækja fyrir heyrnar- og sjónskert börn.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna umræddri tillögu.

Að mati samtakanna er mikilvægt að mismuna börnum ekki um aðgang að nauðsynlegum hjálpartækjum svo þau megi njóta bestu mögulegu lífsskilyrða til jafns við önnur börn í samræmi við Barnasáttmálann.

Barnaheill taka að öðru leyti undir umsögn þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Sérstaklega telja samtökin mikilvægt að gera börnum sem hafa væga sjónskerðingu jafnauðvelt fyrir að eignast gleraugu en þeim sem hafa alvarlegri sjónskerðingu. Það að hafa ekki efni á gleraugum þegar barn þarf á þeim að halda getur aftrað því að barn nái góðum tókum á lestri t.a.m., og hefur slíkt vitanlega frekari afleiðingar á námsgengi barns. Tækifæri til náms eru því háð aðgengi að nauðsynlegum hjálpartækjum.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja áherslu á bann við mismunun. Börn eiga rétt til bestu mögulegu lífsskilyrða, náms og heilbrigðisþjónustu án mismununar.